

Nr. 048 / 10 Simma ST 7

Skipverji flækist í veiðarfærum og fer útbyrðis

Skipaskr.nr. 1959
Smíðaður: Skagaströnd 1988 plast
Stærð: 11,2 brl. 18,5 bt.
Mesta lengd: 12,84 m Skráð lengd: 12,6 m
Breidd: 3,76 m Dýpt: 1,8 m
Vél: Caterpillar 112 kW, 1999
Fjöldi skipverja: 2



Simma ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 11. október 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 30. apríl 2010 var Simma ST 7 á grásleppuveiðum í Húnaflóa. Veður: Logn

Bátsverjar voru að leggja netatrossu á Fjallamótum út af Veiðileysufirði þegar annar þeirra flæktist í blýteininum og tók fyrir borð. Honum tókst að losa sig í sjónum en hinn bátsverjinn lagði bátnum upp að honum, náði til hans með haka og dró hann að skutstiganum. Bátsverjinn komst sjálfur um borð en hann varð fyrir meiðslum á hné og þurfti að leita til læknis.

Við rannsókn kom fram:

- að bátsverjinn var að teygja sig í flotið til að kasta því yfir lagningarbogann og lyfti fætinum en við það fór blýteinninn yfir hann;
- að veiðarfærin voru laus á þilfarinu en eftir atvikið var 1.000 lítra fiskkar sett um borð fyrir þau og til að svona atvik myndi ekki gerast aftur.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.